

Bæjarfréttir

Útvarpið í kvöld.

Kl. 20.00 Fréttir. — 20.30 Daglegt mál. (Árni Böðvars-son kand. mag.). — 20.35 Erindi: Myndir og minningar frá Kapernaum; síðari hluti. (Síra Sigurður Einars-son). — 21.00 „Afmælis-lúðrasveit Alberts Klahn 1958“: 40 blásarar úr Sym-fónúhljómsveit Íslands, Lúðrasveit Reykjavíkur og Lúðrasveit Hafnarfjarðar leika undir stjórn Alberts Klahn. Einsöngvari Þorstein Hannesson, a) „Bü-low“, mars eftir Franz von Blon. b) „Gullregn“, vals eftir Waldeufel. c) „Gral-söngurinn“, úr óp. „Lohen-grin“, eftir Wagner. d) Sýrpa úr óperunni „Aida“, eftir Verdi. e) „Undir sigur-fána“, mars eftir Franz von Blon. — 21.30 Útvarpssag-an: „Sólon Islandus“, eftir Davíð Stefánsson frá Fagra-skógi; XXVI. (Þorsteinn Ö. Stephensen). — 22.00 Fréttir og veðurfregnir. — 22.10 Íþróttir. (Sigurður Sigurðs-son). — 22.30 „Þriðjudags-þátturinn“. Jónas Jónasson og Haukur Morthens stjórna þættinum. — Dagskrárlok kl. 23.25.

Eimskip.

Dettifoss fer frá Ventspils 30. apríl til Kotka og Rvk. Fjallfoss er í Rvk. Goðafoss fó frá Vestm.eyjum í gærkvöldi til Norðfjarðar, Akureyrar, Siglufjarðar, Ísa-fjarðar, Vestfjarða og Breiða-fjarðarhafna. Gullfoss fór frá K.höfn 26. apríl til Leith og Rvk. Lagarfoss er í Rvk. Reykjafoss fór frá Rvk. 25. apríl til Hamborgar, Bremen, Rotterdam, Antwerpen og þaðan til Hamborgar, Hull og Rvk. Tröllafoss fór frá New York 25. apríl til Rvk. Tungufoss er í Ham-borg.

Flugvélnar.

Saga kom kl. 08.00 í morgun frá New York; fór til Glas-gow og London kl. 09.30. — Edda er væntanleg til Rvk. kl. 08.00 í fyrramálið frá New York; fer til Stafang-urs K.hafnar og Hamborgar kl. 09.30. — Saga er vænt-anleg til Rvk kl. 19.30 á morgun frá London og Glas-

gow; fer til New York kl. 21.00.

Pan American

flugvél kom til Keflavíkur í morgun frá New York og hélt áleiðis til Oslóar, Stokk-hólms og Helsinki; flugvélin kemur aftur annað kvöld og fer þá til New York.

Myndlistarsýning

Ásgerðar Ester Búadóttir og Benedikts Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ing-ólfsstræti hefir nú staðið yfir í salnum í 10 daga. Að-sókn að sýningunni hefir verið góð. Sýningunni lýk-ur þ. 1. maí. Hún er opin daglega kl. 2—10 e. h.

Jöklarannsóknafélag Íslands

heldur aðalfund í Tjarnar-café (niðri) í kvöld, þriðju-daginn 29. apríl, kl. 20.30. Dagskrá: Venjuleg aðalfund-arstörf. Sýnd verður lit-kvikmynd Magnúsar Jó-hannssonar frá Vatnajökli og lit-skuggamyndir frá síðastl. sumri. — Kaffibolli og rabb. Félagar mega taka með gesti.

3 Íslandsmet á sundmóti Í.R.

Fyrri hluti sundmóts Í.R. fór fram í Sundhöllinni í gærkvöldi. Varð mótið allsögulegt því út-lendingarnir urðu að lúta í lægra haldi í öllum sínum greinum og sett voru 3 ný íslensk met.

Fyrsta grein kvöldsins var 100 metra skriðsund karla. Keppni í þeirri grein var geysihörð og spennandi og lauk með sigri Guð-mundar Gíslasonar Í.R. 59,2 sek. 2. Pétur Kristjánsson A. 59,6. 3. Lars Larsen Danm. 59,8.

Í 100 metra skriðsundi kvenna setti Ágústa Þorsteinsdóttir A. nýtt íslenskt met á 1:06,4 og sigr-aði sænsku sundkonuna Karin Larsson, sem synti vegalengdina á 1:07,5.

Guðmundur Gíslason setti nýtt met í 100 m. baksundi karla á 1:08,6 mín.

3. metið setti svo Hrafnhildur Guðmundsdóttir Í.R. í 100 metra bringusundi kvenna á 1:27,9 mín. og bætti þar með gamalt met Þórdísar Árnadóttur 1:28,7. — Hrafnhildur er aðeins 14 ára gömul.



Hoppdrættisskuldabrétt Flug-félagsins til fermingargjafa og annarra þekktfærsgjafa.

Þau kosta aðeins
100 krónur
og endurgreiðast 30. des. 1963
með 5% vöxtum og vaxta-vöxtum.

Auk þess hefur eigandi hopp-drættisskuldabréttisins vinnings-van næstu sex ár.

Flugfélag Íslands
ICELANDAIR

HAFNARFJÖRDUR

Afgreiðsla

VÍSIS

Sími 50641.

Kaupendur í Hafnarfirði vinsamlega snúi sér þangað, ef um kvartanir er að ræða. Nýir kaupendur geta einnig gerst áskrifendur í Hafnarfirði er að Garðavegi 9. með því að hringja í síma 50641.

Eftir keppnina í gærkvöldi eru Ármann og ÍR hæst að stigum. Hefur Ármann 45 stig en ÍR 34.

Mótið heldur áfram í kvöld og eigast þá Guðmundur og Larsen við í 400 m. skriðsundi og Ágústa og Karin Larsson í 200 m. skriðsundi.

Mánudagur.

117. dagur ársins.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur.

Þingholtsstræti 29A. Sími 12308. Útlán opin virka daga kl. 2—10, laugardaga 2—7, sunnud. 5—7. Lesstofa opin kl. 10—12 og 1—10, laugardaga 10—12 og 1—7, sunnud. 2—7.

Útibú Hólmgarði 34, opið mánud. 5—7 (fyrir börn), 5—9 (fyrir fullorðna) þriðjud., miðvikud. fimmtud. og föstud. 5—7. — Hofsvallagötu 16 opið virka daga nema laugard. kl. 6—7. — Efstasundi 266, opið mánud., miðvikud. og föstudaga kl. 5—6.

Bibliuletur: Job. 9,1—35. Getur maður réttlægt.

Kristinn O. Guðmundsson hdl.

Málflutningur — Innheimta — Samningsgerð
Hafnarstræti 16. — Sími 13190

HÚSNÆÐI

Þýzk hjón, sem dveljast hér á landi næstu 2—3 mánuði, óska eftir að taka á leigu nú þegar eitt herbergi með húsgögnum. Æskilegt væri, að aðgangur að eldhúsi gæti fylgt. Tilboðum sé skilað til Ottós A. Michelsen, Laugavegi 11, Reykjavík (Símar 18380 og 24202), þar sem hægt er að fá allar nánari upplýsingar.

KAFFISALA

Kristniboðsfélag kvenna hefur sína vinsælu kaffisölu til ágóða fyrir kristniboðið í Konsó fimmtudaginn 1. maí kl. 3 e.h. í Kristniboðshúsnu Betaníu, Laufásvegi 13. Góðir Reykvikingar, við treystum ykkur, eins og ávallt, að styrkja gott málefni. Drekkjið siðdegiskaffið hjá okkur. Stjórnin.



VERZLUNARMANNAFÉLAG

REYKJAVÍKUR heldur

almennan félagsfund

í kvöld kl. 8,30 í félagsheimili V.R., Vonarstræti 4.

Fundarefni:

1. Félagsmál. 2. Kjarasamningarnir.
3. Önnur mál.

Verzlunarfólk er hvatt til að mæta vel og stundvíslega. Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Byggingafélag verkamanna

Til sölu 3ja herbergja íbúð í 2. byggingaflokki. Félagsmenn sendi umsóknir sínar fyrir 4. maí n.k. á skrifstofu félagsins, Stórholti 16. Tilgreinið félagsnúmer.

Stjórnin.

TILKYNNING

um atvinnuleysisskráningu

Atvinnuleysisskráning samkvæmt ákvæðum laga nr. 52 frá 9. apríl 1956 fer fram í Ráðningarstofu Reykjavíkur-bæjar, Hafnarstræti 20, dagana 2., 5. og 6. maí þ. á., og eiga hlutaðeigendur, er óska að skrá sig samkvæmt lög-unum, að gefa sig fram kl. 10—12 f.h. og kl. 1—5 e.h. hina tilteknu daga.

Óskað er eftir, að þeir sem skrá sig séu viðbúnir að svara m.a. spurningum: Um atvinnudaga og tekjur síðustu 3 mánuði. 2. Um eignir og skuldir. Reykjavík, 29. apríl 1958.

Borgarstjórnin í Reykjavík.

Minnisblað almennings

Ardegisháflæði

kl. 0.11.

Slökkvistöðin

hefur síma 11100.

Næturvörður

Lyfjabúðin í Önnu, sími 1-79-11.

Lögregluvarðstofan

hefur síma 11166.

Slysavarðstofa Reykjavíkur

í Heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. Lækna-vörður L. R. (fyrir vitjanir) er á sama stað kl. 18 til kl. 8.— Sími 15030.

Ljósatími

bífreiða og annarra ökutækja í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur verður kl. 20.55—4.00

Landsbókasafnið

er opið alla virka daga frá kl. 10—12, 13—19 og 20—22, nema laugardaga, þá frá kl. 10—12 og 13—19.

Tæknibókasafn LMS.I.

í Iðnskólanum er opið frá kl. 1—6 e. h. alla virka daga nema laugardaga.

Listasafn Einars Jónssonar

Hnitbjörgum, er opið kl. 1.30—3,30 á sunnud. og miðvikudögum.

Þjóðminjasafnið

er opið á þriðjud., fimmtud. og laugard. kl. 1—3 e. h. og á sunnudögum kl. 1—4 e. h.